

# Reglur um notkun samlokueininga með brennanlega einangrun í einnar hæðar húsum.

Í grein 135.10 í byggingarreglugerð nr. 441/1998 segir:

„135.10 Einangrunarefni húsa skulu vera óbrennanleg með eftirfarandi undantekningum:

1. Undir steyptar gólfplötur á fyllingu.
2. Í útveggi á undirlag úr steinsteyptu eða öðru jafngóðu A-efni. Einangrunin skal klædd af með klæðningu í flokki 1. Ekkert holrúm má vera í slíkum vegg.
3. Nota má stálklæddar húseiningar með brennanlegri einangrun í þök og vegg einnar hæðar húsa þar sem slíkt er talið hættulítið að mati Brunamálastofnunar ríkisins. Slíkar einingar mega ekki vera með einangrun sem bráðnar við hita“.

Í samræmi við staflíð c) hefur Brunamálastofnun ríkisins ákveðið eftirfarandi viðmiðunarreglur fyrir notkun á samlokueiningum með brennanlegri einangrun í einnar hæðar byggingar.

Með samlokueiningu er hér átt við einingar sem eru með kjarna úr polyurethan (PUR) eða polyisocianurat (PIR), eða samsvarandi einangrun, sem sprautað er milli tveggja stálplatna. Einingarnar eru þannig klæddar með stálplötum á báðum hliðum. Reglurnar gilda um hverskonar notkun eininganna í fasta byggingarhluta.

Samkvæmt grein 147.1 í byggingarreglugerð skulu byggingarefni almennt vera í flokki 1 eða flokki 2 en leyfa má byggingarefni sem eru eldnæm með ákveðnum skilyrðum ef þau eru varin á fullnægjandi hátt. Dæmi um slíka vörn er að finna í grein 135.10 staflíðum a) og b). Allar þekktar gerðir af polyurethan (PUR) og polyisocianurat (PIR) eru flokkaðar sem eldnæmar.

## 1. Kröfur til brunapols samlokueininga

Einingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur.

- 1 Einingarnar skulu ná EURIFIC-flokkun D eða samsvarandi Euroclass-flokkun þegar prófun fer eftir staðlinum ISO 9705

eða

- 2 Einingrunin skal uppfylla kröfur til A eða B efna samkvæmt DS 1065.1 þegar hún er prófuð óvarin.

## 2. Almenn notkun eininga

Með almennri notkun eininga er átt við að ekki þurfi að gera neinar viðbótarráðstafanir til brunavarna vegna notkunar eininganna í útveggi og þaki. Nota má samlokueiningarnar við eftirfarandi skilyrði.

- 1 Húsið skal vera á einni hæð. Mesta hæð hússins skal ekki fara yfir 10.8 m. Leyfa má eitt R30-milligólf í húsið, t.d. fyrir kaffistofu, skrifstofu o.þ.h. enda sé milligólfið hvorki stærra en 100 m<sup>2</sup> né yfir 50% af gólfleti viðkomandi brunahólfs.
- 2 Stærð bygginga skal miðast við þær stærðir brunahólfa / brunasamstæðna og notkun sem leyfir klæðningu í flokki 2.
- 3 Nota má einingarnar þar sem fram fer eftirfarandi starfsemi: Verslanir (108 gr), skrifstofur (109 gr.) iðnaður- og geymsluhús (111 gr.) og landbúnaðarbyggingar (116 gr.)

Uppsetning eininganna og frágangur skal vera í fullu samræmi við fyrirkomulag sem notað var við prófun eininganna.

### 3. Sérstök (annarskonar) notkun

Sé óskað eftir annarskonar notkun eininganna en fram kemur í kafla 2, almenn notkun, skal útbúin brunahönnun af húsinu þar sem gert er grein fyrir viðbótarráðstöfunum vegna eininganna. Með brunahönnun skal sýnt fram á með ljósum hætti að grein 137 sé uppfyllt, einkum að fólki sé ekki búin meiri hætta í húsinu en ef væru þau byggð samkvæmt almennum köflum reglugerðarinnar og að eignartjón verði ekki meira.

Viðbótarráðstafanir geta verið fólgnar í einhverjum eða öllum eftirfarandi atriða: vegna bættra rýmingarleiða, sjálfvirkra slökkvi- eða brunaviðvörðunarkerfa, viðbótarklæðningum í flokki 1 á einingarnar, aukin (sjálfvirk) reyklosun o.fl.

### 4. Bann við notkun

Einingarnar má ekki nota við eftirfarandi aðstæður:

- 1 Í húsnaði þar sem fólk sefur, s.s. íbúðarhús, sjúkrahús, hótél;
- 2 Hús sem flokkast sem samkomuhús (107 gr.) önnur en íþróttahús en þá skal koma viðbótarklæðning sem uppfyllir kröfur til klæðningar í flokki 1, innan á vegg og þakfleti.
- 3 Í innveggi eða milligólf.

### 5. Fjarlægð til lóðarmarka

Ekki hefur verið sýnt fram á að samlokueiningarnar hafi neina umtalsverða brunamótstöðu. Minnstu fjarlægð húsa til lóðarmarka skal ákveða í samræmi við grein 75.1 stafliði a) og d) nema sýnt verði fram á að einingarnar uppfylli ákvæði stafliða b) eða c) í grein 75.1.

### 6. Bannaðar einingar

Samlokueiningar með einangrun sem bráðnar við hita, t.d. eru polystyren og polyetylen bannaðar, sbr. gr. 135.10.